

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 205/2012****2017/EES/40/17****frá 6. janúar 2012****um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 að því er varðar gagnagjafa og gagnamælipætti sem aðildarríkin skulu tilkynna (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttnum ökutækjum<sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 9. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 18. og 26. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/ESB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, fhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki<sup>(2)</sup> skal framleiðandi tryggja að hverju nýju léttnu atvinnuökutæki sem er sett á markað í Sambandinu, fylgi gilt samræmisvottorð og að aðildarríki megi ekki skrá slíkt ökutæki nema því fylgi slíkt vottorð. Í samræmi við II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 skulu gögn sem aðildarríki safnar saman til að vakta hvort framleiðandi fari að ákvæðum 4. og 11. gr. þeirrar reglugerðar vera í samræmi við samræmisvottorð og byggja eingöngu á þessu skjali.
- 2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttnum ökutækjum<sup>(3)</sup> er þess krafist að aðildarríkin noti samræmisvottorðið sem gagnagjafa en notkun annarra skjala sem teljast jafn nákvæm fyrir vöktun og skýrslugjöf um koltvísýringslosun fólksbifreiða er leyfð. Til þess að tryggja kostnaðarhagkvæma og nákvæma vöktun og skýrslugjöf á gögnum um koltvísýringslosun léttra atvinnuökutækja

þykir rétt að heimila aðildarríkjum til skamms tíma að nota sömu verklagsreglur og gagnagjafa fyrir vöktun og skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 510/2011 og notaðar eru fyrir skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (EB) nr. 443/2009. Því skal II. viðauki við reglugerð (ESB) nr. 510/2011, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, gera ráð fyrir notkun annarra gagnagjafa sem teljast jafn nákvæmir fyrir vöktun og skýrslugjöf um losun koltvísýrings. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja nægilega nákvæmni í verklagsreglunum um vöktun.

- 3) Á grunni þeirrar reynslu sem fengist hefur af vöktun koltvísýringslosunar fólksbifreiða og í því skyni að bæta úrræði til að sannprófa nákvæmni gagnanna þykir rétt að bæta við gerðarviðurkenningarnúmeri sem ítarlegum gagnamælipætti sem aðildarríkin skulu tilkynna. Einnig hefur komið í ljós að engin þörf er á mælipættinum „verslunarheiti“ og því skal fella hann brott úr ítarlegu vöktunargögnunum.
- 4) Til að tryggja gagnsæi og nákvæmni við vöktun og skýrslugjöf aðildarríkjanna er einnig nauðsynlegt að tryggja samræmi milli mismunandi krafna sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011. Kröfurnar að því er varðar ítarleg gögn eru tilgreindar í sniðunum fyrir skýrslugjöf sem sett eru fram í C-hluta II. viðauka. Því skal A- og B-hluta þess viðauka breytt til að endurspeglar nákvæmlega þessar kröfur að því er varðar ítarleg gögn.
- 5) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 72, 10.3.2012, bls. 2. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2017 frá 16. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. janúar 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málsliðar í 2. lið komi eftirfarandi:

„Upplýsingarnar sem um getur í 1. lið skulu koma úr samræmisvottorðinu eða vera í samræmi við samræmisvottorðið sem framleiðandi viðkomandi, léttis atvinnuökutækis gefur út. Ef samræmisvottorðið er ekki notað skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja nægilega nákvæmni í verklagsreglunum um vöktun.“,

b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. lið:

i. Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) fjölda nýrra, léttra atvinnuökutækja með gildi fyrir hvern eftirfarandi mælipátta:

i. koltvísyringslosun,

ii. massa,

iii. hjólhaf,

iv. sporvidd stýriáss,

v. sporvidd hins ássins.“,

ii. c-liður falli brott,

iii. Í stað iv. og v. liðar í d-lið komi eftirfarandi:

„iv. tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu,

v. hjólhaf,

vi. sporvidd stýriáss,

vii. sporvidd hins ássins.“,

2) Í B-hluta falli 2., 3., 5. og 6. liður brott.

3) Í stað 2. þáttar C-hluta um ítarleg vöktunargögn komi eftirfarandi:

„2. þáttur — Ítarleg vöktunargögn

Heiti framleiðanda – Staðlað ESB-heiti	Heiti framleiðanda – Heiti framleiðandans	Heiti framleiðanda – Heiti í landskrá	Gerðarvörkuningsnúmer og rýmkunarnúmer	Gerð	Afbrigði	Útfærsla	Tegund	Flokkur vörkunndrar ökutækisgerðar	Flokkur skráðs ökutækis	Heildarfjöldi nýrra skráninga	Sértek losun koltvísýrings (g/km)	Massi (kg)	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu (kg)	Hjólhaf (mm)	Sporvidd stýriáss (mm)	Sporvidd hins ássins (mm)	Tegund eldsneytis	Eldsneyfishammur	Slagrými (cm <sup>3</sup> )	Raforkunotkun (Wh/km)	Kóði nýsköpunartækni eða nýsköpunartækniþóps	Mínkun á losun með aðstoð nýsköpunartækni
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Númer 1	Gerð 1	Afbrigði 1	Útfærsla 1	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Númer 1	Gerð 1	Afbrigði 1	Útfærsla 2	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Númer 1	Gerð 1	Afbrigði 2	Útfærsla 1	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Númer 1	Gerð 1	Afbrigði 2	Útfærsla 2	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Númer 2	Gerð 2	Afbrigði 1	Útfærsla 1	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Númer 2	Gerð 2	Afbrigði 1	Útfærsla 2	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Númer 2	Gerð 2	Afbrigði 2	Útfærsla 1	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...
Framl. 1	Framl. 1	Framl. 1	Númer 2	Gerð 2	Afbrigði 2	Útfærsla 2	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...	...

Heiti framleiðanda – Staðlað ESB-heiti	Heiti framleiðanda – Heiti framleiðandans	Heiti framleiðanda – Heiti í landskrá	Gerðarviðurkenningarnúmer og rýmkunarnúmer	Gerð	Afbrigði	Útfærsla	Tegund	Flokkur viðurkenndrar ökutækisgerðar	Flokkur skráðs ökutækis	Heildarfjöldi nýrra skráninga	Sértek losun kolvísýrings (g/km)	Massi (kg)	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu (kg)	Hjólhaf (mm)	Sporvidd stýriáss (mm)	Sporvidd hins ássins (mm)	Tegund eldsneytis	Eldsneytishamur	Slagrými (cm <sup>3</sup> )	Raforkunorkun (Wh/km)	Kóði nýsköpunartækni eða nýsköpunarteknihóps	Minnkun á losun með aðstoð nýsköpunartækni
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Númer 1	Gerð 1	Afbrigði 1	Útfærsla 1	...	...	...	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Númer 1	Gerð 1	Afbrigði 1	Útfærsla 2	...	...	...	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Númer 1	Gerð 1	Afbrigði 2	Útfærsla 1	...	...	...	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..
Framl. 2	Framl. 2	Framl. 2	Númer 1	Gerð 1	Afbrigði 2	Útfærsla 2	...	...	...	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	3 ..